

**ÁKVÖRDUN nr. 171****frá 9. desember 1998**

**um breytingu á ákvörðun nr. 135 frá 1. júlí 1987 varðandi veitingu aðstoðar sem kveðið er á um í 7. mgr. 17. gr. og 6. mgr. 60. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 og hugtakið bráðatilvik í skilningi 20. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og í skilningi 7. mgr. 17. gr. og 6. mgr. 60. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72**

(1999/370/EB)

FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUN-  
ÞEGA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd eða túlkun á ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og annarra reglugerða sem fylgja í kjölfarið,

með hliðsjón af 7. mgr. 17. gr. og 6. mgr. 60. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1103/97 frá 17. júní 1997 um tiltekin ákvæði er varða upptöku evrunnar,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 974/98 frá 3. maí 1998 um upptöku evrunnar,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 135,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Skipta ætti þeim fjárhæðum, sem um getur í ákvörðun nr. 135 og eru gefnar upp í innlendum gjaldmiðli fyrir upptöku evrunnar, í evrur.

Meginmarkmiðið með ákvörðun nr. 135 er að fastsetja sömu viðmiðunarfjárhæð fyrir öll aðildarríkin, uppgefna í evrum, er gildi í öllum aðildarríkjunum, einnig þeim sem hafa ekki tekið evruna upp.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

1. Eftirfarandi komi í stað liðar 2.2. í ákvörðun nr. 135 frá 1. júlí 1987:

„2.2. áætluð eða raunveruleg fjárhæð þeirra bóta er hærri en fasta fjárhæðin sem er EUR 500.“

2. Ákvörðun þessa skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1999.

*Formaður framkvæmdaráðsins*

Helmut SIEDL

---